



Stjórnarráðsnefndin

**Svar við skriflegri fyrirspurn Norðurlandaráðs E25/2024 um
nýjar reglur um tollskrárnúmer í Svíþjóð**

Svíþjóð og ég sem norrænn samstarfsráðherra hef mótttekið skriflega fyrir-spurn Norðurlandaráðs E25 um nýjar reglur um tollskrárnúmer í Svíþjóð.

Ríkisstjórn Svíþjóðar er ljóst að þetta er mikilvægt málefni sem í víðara sam-hengi snýst um þýðingu snurðulausra samgangna milli landa okkar og for-sendur vöruflutninga milli norrænu landanna.

Eins og ég sagði í fyrirspurnartíma samstarfsráðherranna á þingi Norður-landaráðs í Reykjavík er málið tæknilega snúið og hefur verið til umræðu um skeið í Norsk-sænsku samstarfsnefndinni um landamæratolla. Svíþjóð inn-leiðir Evrópusambandsreglur sem hafa að sumu leyti nýtt verklag í för með sér.

Yfirvöld í löndunum okkar ræða saman, Tullverket og samsvarandi stofnun í Noregi, um mögulega einföldun til að leysa úr vandanum um stundarsakir. Fjármálaráðuneytin í Noregi og Svíþjóð vinna einnig að úrlausn.

Sem samstarfsráðherra get ég aðeins vísað til þessa samráðs sem stjórnvöld í löndunum hafa um þetta mál og ég tel vera gott.

Jessica Rosencrantz,

ESB-ráðherra Svíþjóðar sem ber ábyrgð á málefnum Norðurlanda